



Varðandi: Úthlutun fjármuna vegna veikindaforfalla
Málsnúmer: 1512118
Dagsetning: 7. desember 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að úthluta samtals kr. 9.550.000 úr veikindapotti Akraneskaupstaðar eða 50% af heildarupphæð umsókna vegna veikinda starfsmanna síðari hluta ársins.

Endanleg afstaða til umsókna stofnana vegna veikindaforfalla árið 2016 verður tekin á fundi bæjarráðs þann 15. desember nk. en heildarfjárhæð umsókna á árinu er 56% yfir fjárhagáætlun.

GREINARGERÐ: Heildarfjárhæð umsókna stofnana vegna veikindaafleysinga á síðari hluta ársins er um kr. 19.099.000. Heildarfjármagn í veikindapottinum á árinu 2016 er kr. 30 mkr. og var fjárhæðin aukin um 10 mkr. frá árinu 2015.

Lagt er til að úthlutað verði sem nemur 50% fjárhæðar umsókna nú líkt og gert var við úthlutun vegna fyrri hluta árs þann 18. október síðastliðinn en þá var úthlutað samtals kr. 13.886.000. Skoða þarf nánar hvort rými verður nú í lok árs til að mæta frekari útgjöldum er tekjutölur liggja skýrar fyrir en von er m.a. á uppgjöri frá Jöfnunarsjóði á allra næstu dögum. Einnig þarf að skoða nánar hvort einstaka stofnanir sem sótt hafa um framlag í sjóðinn geti mætt auknum útgjöldum á launalið með tilfærslu af öðrum liðum.

Gert er ráð fyrir að endanleg ákvörðun verði tekin á reglulegum fundi bæjarráðs þann 15. desember næstkomandi.

Til ráðstöfunar á liðnum er samtals kr. 6.565.299 að teknu tilliti til ráðstöfunarinnar nú.



Akraneskaupstaður

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

Regína Ásvaldsdóttir

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri